

STARFSREGLUR

um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007,

sbr. starfsrgl. nr. 1074/2008, nr. 947/2009, nr. 915/2010, nr. 917/2010, nr. 955/2010, nr. 1114/2011, nr. 1115/2011, nr. 1035/2012, nr. 284/2013, nr. 1104/2013, nr. 625/2014, nr. 1026/2014, nr. 304/2016, nr. 1032/2016, nr. 444/2017, nr. 387/2018, nr. 1052/2018, nr. 1112/2018, nr. 1113/2018, nr. 230/2019, nr. 231/2019, nr. 232/2019 og nr. 273/2019.

1. gr.

■ Sóknir, prestaköll, prófastsdæmi og umdæmi vígslubiskupa eru tilgreind í 12. gr. starfsreglna þessara.

2. gr.

■ Þess skal gætt að sókn geti uppfyllt skilyrði um rekstur og fjárhag sókna, sbr. starfsreglur um sóknarnefndir.¹⁾

1) Nú starfsrgl. 1111/2011, með síðari breytingum.

3. gr.

■ [Hver sóknarmaður getur gert tillögu um breytingu á skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma. Gefa skal safnaðarfundum viðkomandi sókna og héraðsfundi kost á að veita umsögn um tillögur um breytingar á skipan sókna og prestakalla. Umsagnir skulu sendar biskupafundi, sem býr málið til kirkjuþings.]¹⁾

□ Tillögur um breytingar á skipan prófastsdæma skulu fá umsögn á viðkomandi héraðsfundum og því næst sendar biskupafundi, sem býr málið til kirkjuþings.

□ [Forsætisnefnd kirkjuþings metur hvort tillögur samkvæmt þessari grein séu tækar til efnismeðferðar á þinginu. Þá metur forsætisnefnd einnig, að höfðu samráði við biskupafund, hvort breytingartillögur á kirkjuþingi við slíkar tillögur séu þess efnis að þær skuli fá þá meðferð í héraði, sem fyrir er mælt í greininni, áður en þær geti komið til afgreiðslu á kirkjuþingi. Verði sú raunin annast kirkjuráð framkvæmd þessa og sendir flutningsmönnum breytingartillagna þær umsagnir um þær, sem fram koma í héraði. Flutningsmenn geta þá búið málið til kirkjuþings að nýju án afskipta biskupafundar.]²⁾

1) Starfsrgl. 1114/2011, 1. gr.

2) Starfsrgl. 915/2010, 1. gr.

4. gr.

■ Biskupafundur kannar árlega hvort þörf er á breytingum á skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma, með hliðsjón af hagkvæmni, breytingum á mannfjölda í sóknum, samgöngum, staðháttum eða aðstæðum að öðru leyti. Við mat á skipan sókna skal líta til þjónustuþarfa, sögulegra og menningarlegra verðmæta.

5. gr.

■ Ef prestakalli er skipt hefur skipaður sóknarprestur rétt á að ráða hvoru prestakallinu hann þjónar eftirleiðis.

6. gr.

■[Sameining sókna eða skipting sóknar skal að jafnaði taka gildi 30. nóvember eftir að kirkjuþing það ár hefur hefur samþykkt sameiningu eða skiptingu.]¹⁾

1) Starfsrgl. 1114/2011, 2. gr.

7. gr.

■Sé sókn skipt skal uppgjör vegna eigna og skulda fara eftir hlutfallstölu sóknarmanna. Sóknarkirkja ásamt búnaði tilheyrir þeirri sókn þar sem kirkjan stendur. Þegar kirkjusókn er skipt og ný stofnuð, í nýju byggðahverfi, á hin nýja sókn óskert tilkall til þeirra fjármuna, sem sóknarmenn hinnar nýju sóknar hafa sannanlega lagt til eldri sóknarinnar, þó að frádreginni sanngjarnri þóknun fyrir þá þjónustu, sem sóknarmenn nýju sóknarinnar nutu, meðan sóknin var óskipt. Heimilt er að hafa fjárskil eftir annarri reglu ef um það næst samkomulag milli sóknanna. Framkvæmd fjárskipta er í höndum þriggja manna skilanevndar er biskup skipar hverju sinni.

□[Sé ein eða fleiri sóknir færðar úr prófastsdæmi í annað prófastsdæmi skal fara fram fjárhagslegt uppgjör. Skulu hlutfallslegar tekjur og eignir fylgja í það prófastsdæmi sem sókn flyst til.]¹⁾

1) Starfsrgl. 955/2010, 1. gr.

8. gr.

■Ef sóknir óska eftir að eiga samstarf sín á milli um byggingu og/eða rekstur kirkju og safnaðarheimilis skal gera skriflegan samstarfssamning, þar sem kveðið er á um hvaða starfi skuli haldið uppi, hvaða reglur gildi um afnot og umgengni, sbr. starfsreglur um afnot af safnaðarheimilum¹⁾ og hver ábyrgist daglegan rekstur og stjórn. Einnig skal tiltaka hvaða endurgjald skuli innt af hendi fyrir afnotin.

1) Hér eiga nú við starfsrgl. um kirkjur og safnaðarheimili nr. 822/2000, með síðari breytingum.

9. gr.

■Með tillögu um breytingu skv. 4. gr., skal leggja fram tillögu að staðsetningu prestsseturs ef þörf krefur, að höfðu samráði við sóknarprest og sóknarnefndir, biskupafund og kirkjuráð. Enn fremur skulu fylgja tillögur um hvaða kirkja skuli verða sóknarkirkja. Ef heppilegt þykir að sóknir sameinist um kirkju og/eða safnaðarheimili skal biskupafundur gera tillögur um þau efni. Biskupafundur skal enn fremur leggja fram tillögur um það hvaða kirkjur skuli verða kapellur eða greftrunarkirkjur. Þar sem hefð stendur til er heimilt að þær haldi nafni sínu.

10. gr.

■Sóknarkirkja skal vera í hverri sókn. Þó er sóknum heimilt að sameinast um sóknarkirkju.

11. gr.

■Ef sóknir sameinast skal aðalsafnaðarfundur hinnar sameinuðu sóknar ákveða hvar sóknarkirkja skal vera og hvaða kirkjur verða kapellur, svo og hvaða kirkjur skuli afleggjast, verða afhentar til minjavörslu, ef því er að skipta, eða ráðstöfun þeirra með öðrum hætti.

12. gr.

■ [Skipan vígslubiskupsdæma, prófastsdæma, prestakalla, sókna og prestssetra skal vera sem hér segir:

Skálholtsumdæmi

Suðurprófastsdæmi

<i>Prestaköll</i>	<i>Sóknir</i>	<i>Prestssetur</i>
[Bjarnanesprestakall] ¹⁾	Bjarnanes-, Brunnhóls-, Hafnar-, Hof- og Kálfafellsstrandarsóknir	[Höfn] ¹⁾
Kirkjubæjarklaustursprestakall	Grafar-, Langholts-, Prestsbakka- og Þykkvabæjarklaustursóknir	Kirkjubæjarklaustur
[Víkurstakall] ²⁾	Ásólfsskála-, Eyvindarhóla-, Reynis-, Skeiðflatar-, Víkur- og Stóra-Dalssóknir	[Vík] ²⁾
Breiðabólstaðarprestakall	[Akureyjar-] ²⁾ , Breiðabólstaðar-, Hlíðarenda-, [Kross-] ²⁾ og Stórólfsþvolsóknir	Breiðabólstaður
Fellsmúlaprestakall	Árbæjar-, Haga-, Kálfhólts-, Marteinstungu- og Skarðssóknir	Fellsmúli
Oddaprestakall	Keldna-, Odda- og Þykkvabæjarsóknir	Oddi
Vestmannaeyjaprestakall	Ofanleitissókn	[Vestmannaeyjar] ³⁾
Eyrbakkaprestakall	Eyrbakka-, Gaulverjabæjar- og Stokkseyrarsóknir	[...] ⁴⁾
Hveragerðisprestakall	Hveragerðis- og Kotstrandarsóknir	[...] ⁴⁾
[Hrunaprestakall] ⁵⁾	Hrepphóla-, Hruna-, Ólafsvalla- og Stóra-Núpsóknir	[Hruni] ⁵⁾
Selfossprestakall	Hraungerðis-, Laugardæla-, Selfoss- og Villingaholtssóknir	Selfoss
[Skálholtsprestakall] ^{6/7)}	Bræðratungu-, Haukadals-, Miðdals-, [Mosfells-], ⁸⁾ Skálholts-, Torfastaða-, Úlfjótuvatns- og Þingvallasóknir	[Skálholt] ^{6/7)}
Þorlákshafnarprestakall	Hjalla- og Strandarsóknir	[...] ⁴⁾

1) Starfsrgl. 947/2009, 2. og 3. mgr. 3. gr. Við starfslok sóknarprestis Kálfafellsstrandarprestakalls sameinaðist prestakallið Bjarnanesprestakalli 1. maí 2011. Prestssetur: Höfn. - Biskupi Íslands er heimilt að ráða héraðsprest í allt að 50% starf er hafi sérstakar skyldur við Bjarnanesprestakall, sbr. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í starfsrgl. 947/2009.

2) Starfsrgl. 947/2009, 2. og 4. mgr. 3. gr. Við starfslok sóknarprestis Holtsprestakalls sameinaðist prestakallið Víkurstakalli 1. febrúar 2011. Prestssetur: Vík. Akureyjar- og Krosssóknir tilheyri þó Breiðabólstaðarprestakalli.

3) Starfsrgl. 1035/2012, 2. gr. Sjá áður brottfellingu á skyldu til að leggja til prestssetur, sbr. starfsrgl. 1115/2011, 1. gr.

4) Starfsrgl. 1115/2011, 1. gr. Í prestaköllum skv. 1. gr. var felld brott skylda til að leggja til prestssetur.

5) Starfsrgl. 947/2009, 2. og 6. mgr. 3. gr. Við starfslok sóknarprestis Stóra-Núpsprestakalls sameinaðist prestakallið Hrunaprestakalli 1. janúar 2010. Prestssetur: Hruni.

6) Starfsrgl. 947/2009, 2. og 5. mgr. 3. gr. Við starfslok sóknarprestis Mosfellsprestakalls sameinaðist prestakallið Skálholtsprestakalli 1. júlí 2013. Prestssetur: Skálholt.

7) Starfsrgl. 1114/2011, 3. gr.

8) Starfsrgl. 1074/2008, 1. gr.

Kjalarnessprófastsdæmi

<i>Prestaköll</i>	<i>Sóknir</i>	<i>Prestssetur</i>
Garðaprestakall	Bessastaða- og Garðasóknir	
Grindavíkurstakall ^{1) 2)}	Grindavíkursókn	[...] ¹⁾
Hafnarfjarðarprestakall	Hafnarfjarðarsókn	
Keflavíkurstakall	[Keflavíkursókn] ³⁾	
Mosfellsprestakall ¹⁾	Lágafellssókn	[...] ¹⁾
Njarðvíkurstakall	Kirkjuvogs-, Njarðvíkur- og [Ytri Njarðvíkursóknir] ³⁾	

Reynivallaprestakall	Brautarholts- og Reynivallasóknir	Reynivellir
Tjarnaprestakall	Ástjarnar- og Kálfatjarnarsóknir	
Útskálaprestakall ¹⁾	Hvalsnes- og Útskálasóknir	[...] ¹⁾
Víðistaðaprestakall	Víðistaðasókn	

1) Starfsrgl. 1115/2011, 1. gr. Í prestaköllum skv. 1. gr. var felld brott skylda til að leggja til prestssetur.
2) Starfsrgl. 1052/2018, 1. gr. Í þessu prestakalli, skv. 1. gr., féll brott ákvæði um prestssetur hinn 1. desember 2018.
3) Starfsrgl. 387/2018, 1. gr.

Reykjavíkurprófastsdæmi eystra

Prestaköll	Sóknir	Prestssetur
Árbæjarprestakall	Árbæjarsókn	
Breiðholtsprestakall	Breiðholtssókn	
Digranesprestakall	Digranesókn	
[Fella- og Hólaprestakall	Fella- og Hólasókn] ¹⁾	
Grafarholtsprestakall	Grafarholtssókn	
Grafarvogsprestakall	Grafarvogssókn	
Hjallaprestakall	Hjallasókn	
Kársnesprestakall	Kársnessókn	
Lindaprestakall	Lindasókn	
Seljaprestakall	Seljasókn	

1) Starfsrgl. 1032/2016, 1. gr.

Reykjavíkurprófastsdæmi vestra

Prestaköll	Sóknir	Prestssetur
Ásprestakall	Ássókn	
Dómkirkjuprestakall	Dómkirkjusókn	
[Fossvogsprestakall	Bústaða- og Grensásóknir] ¹⁾	
Hallgrímssprestakall	Hallgrímssókn	
Háteigsprestakall	Háteigssókn	
Langholtsprestakall	Langholtssókn	
Laugarnesprestakall	Laugarnessókn	
Nesprestakall	Nessókn	
Seltjarnarnesprestakall	Seltjarnarnessókn	

1) Starfsrgl. 1113/2018, 1. og 2. gr. Bústaða- og Grensásprestaköll sameinuðust í eitt prestakall, Fossvogsprestakall, 1. júní 2019.

[Vesturlandsprófastsdæmi] ¹⁾

Prestaköll	Sóknir	Prestssetur
Borgarprestakall	Akra-, Álftanes-, Álftártungu- og Borgar- og Borgarnessóknir	Borg á Mýrum
[Garða- og Hvalfjarðar- starndarprestakall] ²⁾	Akranes-, [Innra-Hólms-, Leirár- og Saurbæjarsóknir] ²⁾	[...] ³⁾
Hvanneyrarprestakall ^{3) 4)}	Bæjar-, Fitja-, Hvanneyrar- og Lundarsóknir	[...] ³⁾
Reykholtsprestakall	Gilsbakka-, [Reykholts-] ⁵⁾ og Síðumúlasóknir	Reykholt
Stafholtsprestakall	Hvamms-, Norðtungu- og Stafholtssóknir	Stafholt
Dalaprestakall	Dagverðarnes-, Hjarðarholts-, Hvamms-, Kvennabrekku-, Snóksdals-, Staðarfells-, og Stóra-Vatnshornssóknir	Búðardalur
[Ólafsvíkur- og Ingjaldshólsprestakall] ⁶⁾	Ingjaldshóls- og Ólafsvíkursóknir	[Ólafsvík] ⁶⁾
Setbergsprestakall	Setbergssókn	Grundarfjörður
Staðastaðarprestakall	Búða-, Fáskrúðarbakka-, Hellna-, Kolbeinstaða- Staðarhrauns- og Staðastaðarsóknir	Staðastaður
Stykkishólmsprestakall	Bjarnarhafnar-, Breiðabólstaðar-, Helgafells-	

- 1) Starfsrgl. 917/2010, 1. gr.
- 2) Starfsrgl. 230/2019, 1. gr. Saurbæjarprestakall var lagt niður. Innra-Hólms-, Leirár- og Saurbæjarsóknir tilheyra eftirleiðis Garðaprestakalli. Garðaprestakall nefnist Garða- og Hvalfjarðarstrandarprestakall.
- 3) Starfsrgl. 1115/2011, 1. gr. Í prestaköllum skv. 1. gr. var felld brott skylda til að leggja til prestssetur.
- 4) Starfsrgl. 1052/2018, 1. gr. Í þessu prestakalli, skv. 1. gr., féll brott ákvæði um prestssetur hinn 1. desember 2018.
- 5) Starfsrgl. 1074/2008, 2. gr.
- 6) Starfsrgl. 947/2009, 2. og 7. mgr. 3. gr. Við starfslok sóknarprest Ólafsvíkurprestakalls sameinuðust Ólafsvíkur- og Ingjaldshólsprestaköll 1. desember 2009. Prestssetur: Ólafsvík.

Vestfjarðaprófastsdæmi

Prestaköll	Sóknir	Prestssetur
Bolungarvíkurprestakall [Breiðafjarðar- og Strandaprestakall] ²⁾	Hóls-, [Súðavíkur-, Vatnsfjarðar- og Ögursóknir] ¹⁾ Árnes-, Drangsnæs-, Flateyjar-, Garpsdals-, [Gufudals- og Reykhóla-] ³⁾ , Hólmavíkur-, Kaldrananes-, Kollafjarðarnes-, Melgraseyrar-, Nauteyrar-, Óspakseyrar-, Skarðs- og Staðarhólssóknir	Bolungarvík Hólmavík og Reykhólar
Holtsprestakall Ísafjarðarprestakall ⁵⁾ [Patreksfjarðarprestakall] ⁷⁾	Holts- og Kirkjubóls- og [Staðarsóknir] ⁴⁾ [Ísafjarðar- ⁵⁾ og Unaðsdalssóknir Bíldudals-, Breiðuvíkur-, Brjánslækjar-, Haga-, Patreksfjarðar-, Sauðlauksdals-, Saurbæjar- og Stóra-Laugardalssóknir	Holt [...] ⁶⁾ Patreksfjörður] ⁷⁾
[Þingeyrarprestakall] ⁸⁾	Hrafneyrar-, Mýra-, Núps-, Sæbóls- og Þingeyrarsóknir	[Þingeyri] ⁸⁾

1) Starfsrgl. 1114/2011, 2. mgr. 4. gr.

2) Starfsrgl. 231/2019, 1. og 2. gr. Hólmavíkur- og Reykhólaprestaköll sameinuðust í eitt prestakall, Breiðafjarðar- og Strandaprestakall, 1. júní 2019.

3) Starfsrgl. 1032/2016, 1. gr.

4) Starfsrgl. 1114/2011, 3. mgr. 4. gr.

5) Starfsrgl. 1114/2011, 1. mgr. 4. gr.

6) Starfsrgl. 1115/2011, 1. gr. Í prestaköllum skv. 1. gr. var felld brott skylda til að leggja til prestssetur.

7) Starfsrgl. 1035/2012, 1. gr. Sjá áður hvað varðar prestssetur, starfsrgl. 917/2010, 4. gr.

8) Starfsrgl. 947/2009, 2. og 8. mgr. 3. gr. Við starfslok sóknarprest Staðarprestakalls sameinaðist prestakallið Þingeyrarprestakalli 1. október 2011. Prestssetur: Þingeyri. Súðavíkur-, Vatnsfjarðar- og Ögursóknir tilheyri þó Holtsprestakalli. Með starfsrgl. 1114/2011, 2. mgr. 4. gr. fluttust Súðavíkur-, Vatnsfjarðar og Ögursóknir úr Holtsprestakalli í Bolungarvíkurprestakall.

Hólaumdæmi

[Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi]¹⁾

Prestaköll	Sóknir	Prestssetur
Breiðabólstaðarprestakall	Breiðabólstaðar- Tjarnar- og [Hvammstanga] ²⁾ sóknir	Hvammstangi
Melstaðarprestakall	Melstaðar-, Prestbakka-, Staðarbakka-, Staðar- og Víðidalstungusóknir	Melstaður
Skagastrandarprestakall	Bergsstaða-, Bólstaðarhlíðar-, Hofs-, Holtastaða-, Höfða- og Höskuldsstaðasóknir	Skagaströnd
Þingeyraklaustursprestakall ³⁾	Auðkúlu-, Blönduóss-, Svínavatns-, Undirfells- og Þingeyrasóknir	[...] ³⁾
Glaumbæjarprestakall	Glaumbæjar-, Reynistaðar-, Rípur- og Víðimýrarsóknir	Glaumbær
Hofsóss- og Hólaprestakall	Barðs-, Fells-, Hofs-, Hofsós-, Hóla- og Viðvíkursóknir	Hofsós
Miklabæjarprestakall ⁴⁾	Miklabæjar-, Flugumýrar-, Hofsstaða-, Mælifells-, Reykja-, Silfrastaða og Goðdalasóknir	Miklibær
Sauðárkróksprestakall ⁵⁾	Hvamms-, Ketu- og Sauðárkróksóknir	[...] ⁵⁾

1) Starfsrgl. 947/2009, 1. gr.

2) Starfsrgl. 1026/2014, 1. gr.

3) Starfsrgl. 1052/2018, 1. gr. Í þessu prestakalli, skv. 1. gr., féll brott ákvæði um prestssetur hinn 1. desember 2018.

4) Starfsrgl. 1026/2007, 2. mgr. 13. gr. Mælifells- og Miklabæjarprestaköll sameinuðust við starfslok

sóknarprests Mælifellsprestakalls 1. október 2008.

5) Starfsrgl. 1115/2011, 1. gr. Í prestaköllum skv. 1. gr. var felld brott skylda til að leggja til prestssetur.

[Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi]¹⁾

Prestaköll	Sóknir	Prestssetur
Akureyrarprestakall [[Dalvíkurprestakall] ²⁾	Akureyrarsókn [Dalvíkur-] ³⁾ Hríseyjar-, Miðgarða-, Möðruvallaklausturs- og Stærra-Árskógssóknir	[Dalvík-sóknarprestur] ⁴⁾ [Möðruvellir-prestur] ⁵⁾
Glerárprestakall Laugalandsprestakall	Lögmannshlíðarsókn Grundar-, Hóla-, Kaupangs-, Munkaþverár-, Möðruvalla- og Saurbæjarsóknir	Syðra-Laugaland Ólafsfjörður
Ólafsfjarðarprestakall Siglufjarðarprestakall Grenjaðarstaðarprestakall	Ólafsfjarðarsókn Siglufjarðarsókn Einarsstaða- ⁶⁾ , Grenjaðarstaðar-, Nes-, Þóroddsstaða- og Þverársóknir	Siglufjörður Grenjaðarstaður
Húsavíkurprestakall ⁷⁾ [Langanes- og Skinnastaðar- prestakall ⁹⁾¹⁰⁾ Laufásprestakall	Húsavíkursókn Garðs-, Raufarhafnar-, Skinnastaðar-, Snartastaða-, Svalbarðs- og Þórshafnarsóknir Grenivíkur-, Háls-, Laufáss-, Ljósavatns- ⁶⁾ , Lundarbreyku- og Svalbarðssóknir	[...] ⁸⁾ Skinnastaður og Þórshöfn] ⁹⁾¹⁰⁾ Laufás Skútustaðir
Skútustaðaprestakall	Reykjahlíðar-, Skútustaða-, og Víðirhólsóknir	Skútustaðir

1) Starfsrgl. 917/2010, 2. gr.

2) Starfsrgl. 625/2014, 1. mgr. 1. gr. Skv. starfsrgl. 947/2009, 2. og 9. mgr. 3. gr., skyldu Hríseyjar- og Möðruvallaprestaköll sameinast við starfslok þess sóknarprests sem fyrr léti af embætti. Heiti hins sameinaða prestakalls skyldi vera Möðruvallaprestakall. Prestssetur: Möðruvellir. Skv. starfsrgl. 284/2013, 1. gr., skyldi sameining prestakallanna ganga til baka frá 1. apríl 2013, sbr. 2. gr., en öðlast gildi að nýju þegar sóknarprestur Hríseyjarprestakalls léti af embætti og skyldu prestaköllin þangað til vera með sama hætti og fyrir 1. september 2012. Skv. starfsrgl. 1104/2013 var Hríseyjarprestakall lagt niður frá 1. júlí 2014, sbr. 1. og 2. gr.

3) Starfsrgl. 304/2016, 1. gr.

4) Starfsrgl. 625/2014, 2. mgr. 1. gr.

5) Starfsrgl. 625/2014, 3. mgr. 1. gr.

6) Starfsrgl. 273/2019, 1. gr. Lögbýlið Ingjaldsstaðir, sem var í Einarsstaðasókn, tilheyrir nú Ljósavatnssókn. Í þessu fólst breyting á mörkum sóknanna.

7) Starfsrgl. 1052/2018, 1. gr. Í þessu prestakalli, skv. 1. gr., féll brott ákvæði um prestssetur hinn 1. desember 2018.

8) Starfsrgl. 1115/2011, 1. gr. Í prestaköllum skv. 1. gr. var felld brott skylda til að leggja til prestssetur.

9) Starfsrgl. 1112/2018, 1. og 2. gr. Langanes- og Skinnastaðarprestaköll sameinuðust í eitt prestakall, Langanes- og Skinnastaðarprestakall, 1. júní 2019.

10) Starfsrgl. 444/2017, 1. gr.

[Austurlandsprófastsdæmi]²⁾

Prestaköll	Sóknir	Prestssetur
[Egilsstaðaprestakall] ³⁾	Ás-, Bakkagerðis-, Egilsstaða-, Eiða-, Eiríksstaða-, Hjaltastaða-, Hofteigs-, Kirkjubæjar-, Möðrudals-, Seyðisfjarðar-, Sleðbrjóts-, Vallanes-, Valþjófsstaðar- og Þingmúlasóknir	[Seyðisfjörður] ²⁾
Hofsprestakall ⁴⁾	Hofs-, [Skeggjastaða-] ⁴⁾ og Vopnafjarðarsóknir	Hofsós [...] ⁶⁾
[Austfjarðaprestakall] ⁵⁾	Berufjarðar-, Berunes-, Brekku-, Djúpavogs-, Eskifjarðar-, Heydala-, Hofs-, Kolfreyjustaðar-, Norðfjarðar-, Reyðarfjarðar- og Stöðvarfjarðarsóknir	[Búðir] ⁷⁾ , Djúpivogur og Heydalir [... ⁶⁾⁸⁾] ¹⁾

1) Starfsrgl. 947/2009, 1. gr.

2) Starfsrsl. 917/2010, 3. gr.

3) Starfsrsl. 1114/2011, 5. gr. Prestssetur skal lagt til á Seyðisfirði. Heiti Vallanesprestakalls breyttist í Egilsstaðaprestakall 30. nóvember 2011 og sama dag sameinaðist Eiðaprestakall Egilsstaðaprestakalli, sbr. 1. og 2. mgr. 6. gr. starfsreglnanna. Seyðisfjarðarprestakall sameinaðist Egilsstaðaprestakalli 1. júní 2013, sbr. 3. mgr. 6. gr. starfsreglnanna. Valþjófsstaðarprestakall sameinaðist Egilsstaðaprestakalli 1. nóvember 2014, sbr. 4. mgr. 6. gr. starfsreglnanna.

4) Starfsrsl. 444/2017, 1. gr.

5) Starfsrsl. 232/2019, 1. og 2. gr. Djúpavogs-, Eskifjarðar-, Heydala- og Norðfjarðarprestaköll sameinist Kolfreyjustaðarprestakalli. Heiti Kolfreyjustaðarprestakalls verði Austfjarðaprestakall. Sameining hvers prestakalls við Austfjarðaprestakall öðlast gildi við starfslok hlutadeigandi sóknarprestis. Við starfslok sóknarprestis Eskifjarðarprestakalls 31. mars 2019 sameinaðist prestakallið Austfjarðaprestakalli. Við starfslok sóknarpresta Djúpavogs-, Heydala- og Norðfjarðarprestakalla 1. ágúst 2019 sameinuðust prestaköllin Austfjarðaprestakalli.

6) Starfsrsl. 1115/2011, 1. gr. Í prestaköllum skv. 1. gr. var felld brott skylda til að leggja til prestssetur.

7) Starfsrsl. 625/2014, 4. mgr. 1. gr.

8) Starfsrsl. 1052/2018, 1. gr. Í þessu prestakalli, skv. 1. gr., féll brott ákvæði um prestssetur hinn 1. desember 2018.

[13. gr.

■ Embættisbústaðir skulu lagðir til í samræmi við 1. og 2. tl. fasteignastefnu þjóðkirkjunnar.
□ Embættisbústaður er að jafnaði lagður til í prestakalli þar sem búa færri en 1.500 manns. Nú búa fleiri en 1.500 manns í prestakalli og getur kirkjuþing þó samþykkt að embættisbústaður skuli lagður til í eftirfarandi tilvikum:

- að staðhættir eða aðstæður á fasteignamarkaði réttlæta slíkt,
- að söguleg eða menningarleg rök þykja mæli með því.

□ Nú búa færri en 1.500 manns í prestakalli og getur þá kirkjuþing þó ákveðið að ekki skuli lagður til embættisbústaður þar, ef sérstök rök mæla með því, s.s. að prestakall sé í nálægð við fjölmennari þéttbýlisstaði eða til að gæta samræmis innan sömu landsvæða.]¹⁾

1) Starfsrsl. 1115/2011, 2. gr.

[14. gr.]¹⁾

■ Starfsreglur þessar sem settar eru skv. heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. desember 2007. Jafnframt falla brott starfsreglur um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 731/1998, með síðari breytingum.

□ Sameining Mælifellsprestakalls og Miklabæjarprestakalls, Skagafjarðarprófastsdæmi, tekur gildi við starfslok núverandi sóknarprestis Mælifellsprestakalls.

1) Starfsrsl. 1115/2011, 3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

■ Meðan núverandi sóknarprestur í Bíldudals- og Tálknafjarðarprestakalli gegnir embætti er honum heimilt að búa á Tálknafirði í prestssetri sem stjórn prestssetra leggur til.

□ [Suðurprófastsdæmi: Biskupi Íslands er heimilt að ráða héraðsprest í allt að 50% starf er hafi sérstakar skyldur við Bjarnanesprestakall.

□ Við sameiningu prófastsdæma samkvæmt starfsreglum þessum fellur skipun viðkomandi prófasta niður 30. nóvember 2009. Biskup Íslands setur prófast í sameinuðu prófastsdæmi til 1. febrúar 2010 og kallar eftir tilnefningum. Biskup Íslands skipar prófast í sameinuðu prófastsdæmi frá 1. febrúar 2010. Halda skal héraðsfund í sameinuðu prófastsdæmi eigi síðar en 1. mars 2010.]¹⁾

□ [Við sameiningu prófastsdæma samkvæmt starfsreglum þessum fellur skipun viðkomandi prófasta niður 30. nóvember 2010. Biskup Íslands setur prófast í sameinuðu prófastsdæmi til 1. febrúar 2011 og kallar jafnframt eftir tilnefningum. Biskup Íslands skipar prófast í sameinuðu

prófastsdæmi frá 1. febrúar 2011. Halda skal héraðsfund í sameinuðu prófastsdæmi eigi síðar en 1. mars 2011.

□Við sameiningu Múla- og Austfjarðaprófastsdæma fellur skipun viðkomandi prófaste niður 1. nóvember 2011. Biskup Íslands setur prófast í sameinuðu prófastsdæmi til 1. febrúar 2012 og kallar jafnframt eftir tilnefningum. Biskup Íslands skipar prófast í sameinuðu prófastsdæmi frá 1. febrúar 2012. Halda skal héraðsfund í sameinuðu prófastsdæmi eigi síðar en 1. mars 2012.]²⁾

□[Prestur sem situr í prestakalli, sem tilgreint er í starfsreglum þessum við gildistöku þeirra, getur setið prestssetrið áfram samkvæmt gildandi lögum og starfsreglum hverju sinni, uns honum er veitt lausn frá embætti.]³⁾

□[Greiðsla húsaleigustyrkja á grundvelli 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum, fellur niður. Greiðsla húsaleigustyrkja til þeirra presta sem styrkgreiðslna njóta við gildistöku starfsreglna þessara fellur brott eigi síðar en 1. desember 2019. Láti prestur af embætti eða fái heimild til að búa utan prestakalls fyrir 1. desember 2019 fellur skylda til að leggja til prestssetur í prestakalli brott.]⁴⁾

1) Starfsrgl. 947/2009, ákv. til bráðabirgða.

2) Starfsrgl. 917/2010, ákv. til bráðabirgða.

3) Starfsrgl. 1115/2011, 1. mgr. ákv. til bráðabirgða. Ákv. tók gildi 1. janúar 2012, sbr. 4. gr. starfsrgl.

4) Starfsrgl. 1052/2018, 2. gr. Sjá áður starfsrgl. 1115/2011, 2. mgr. ákv. til bráðabirgða.